

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Sigriður Svana Helgadóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. mars 2018
2018030015/42-0
TB
jgo/tb

Forkaupsréttur ríkissjóðs að svæði á náttúruminjaskrá, Gíslabær Hellnum, umsögn

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 7. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ósk Ingimars Ingimarssonar hrl, fyrir hönd Bjargar Pétursdóttur, að ríkissjóður falli frá forkaupsrétti á jörðinni Gíslabæ á Snæfellsnesi landsnr. 136277. Hluti af jörðinni er á náttúruminjaskrá sem friðlýst svæði, Ströndin við Stapa og Hellnar.

Náttúrufræðistofnun lítur svo á að hér sé verið að óska eftir umsögn um hvort ríkið eigi að falla frá eða nýta sér forkaupsrétt vegna núverandi sölu á jörðinni Gíslabæ sbr. kauptilboð frá 16. febrúar sl. og fylgiskjal sem sýnir jörðina og þann hluta hennar sem er innan friðlýsts svæðis þ.e. ströndin við Stapa og Hellnar (Stj.tíð. B, nr. 284/1988). Friðlýsta svæðið nær allt frá Brúnkolluholti að vestan að Grísafossaá að austan. Náttúrufræðistofnun telur ekki nauðsynlegt að nýta sér forkaupsrétt að jörðinni en telur að ríkissjóður eigi alls ekki að falla frá forkaupsrétti til framtíðar því forsendur geta breyst. Prátt fyrir þessa afstöðu stofnunarinnar er rétt að athuga að ferðamönnum hefur fjölgað verulega mikið á Snæfellsnesi þ.m.t. á Hellnum og því er fyllsta ástæða til að skoða vandlega hvort ekki sé heppilegra, m.a. vegna verndar og stjórnunar á svæðinu til framtíðar, að ríkissjóður gangi inn í kaupin eins og kemur fram í erindi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, og athugi hvort hægt sé að kaupa þann hluta jarðarinnar sem er innan hins friðlýsta svæðis. Náttúrufræðistofnun gerir auðvitað ráð fyrir að ströndin njóti áfram verndar sem friðland með þeim skilmálum sem um hana gilda og að forkaupsréttur ríkisins verði áfram þinglýstur sem hluti af söluferlinu. Jafnframt að sala jarðarinnar breyti í engu aðgengi fólks að ströndinni. Á þessi afstaða stofnunarinnar einnig við um annað land sem þetta kann að eiga við á þessu svæði.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

